


Freyja Bergsveinsdóttir  
Gunnlaugur SE Briem

# Ítalíuskrift

Kennsluleiðbeiningar




Farai dal primo tratto grosso & pia-  
no questo corpo  $\sigma$  -  $r$   $\sigma$  dal  
quale ne cavi poi cinque lettere  
a d c g g  
Dele quali hre' tutti li corpi che toca-  
no la linea sopra

a á b c d ð e é f g h i j k l m n o ó p  
ú z þ æ ö „ ? ! “ A Á B C D ð E É F G  
O Ó P Q R S T U Ú V W X Y Ý Z Þ Æ Ö

non quadro perfect fo. in tal modo  
cioe'  $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   $\square$   
a d c g g




Námsgagnastofnun



## Ítarefni bíður þín á vefnum

**V**IÐBÓTAREFNI og kennslugögn má sækja á vef Námsgagnastofnunar <[www.nams.is/italiuskrift](http://www.nams.is/italiuskrift)> og lénið <[Italiuskrift.com](http://Italiuskrift.com)>. Þau eru ókeypis og öllum heimil, til dæmis þessi:

- Krotæfingar og krákustigsæfingar.
- Borðrenningar með tengdu lettri og ótengdu, með hjálparlínunum og án þeirra.
- Línustrikuð byrjendablöð. Hvort tveggja við hæfi rétthentra og örvhentra. Blöð með hjálparlínunum fyrir skrift í sex stærðum, bæði með hallalínunum og án þeirra.
- Rúðustrikuð blöð, með og án hallalína.
- Deplastafir sem skrifaðir eru eftir talnaröð.
- Haugar af forskriftarblöðum.



Ítaliuskrift: Kennsluleiðbeiningar, 1. útgáfa 2011

© 2011 Texti, umbrot og teikningar: Freyja Bergsveinsdóttir og Gunnlaugur SE Briem

 Námsgagnastofnun, Kópavogi.

Ritstjóri: Harpa Pálmadóttir.

Öll réttindi áskilin.

Þakkir fá kennarar í rýnihópi sem gáfu góð ráð við vinnslu bókanna: Arnbjörg Jóhannsdóttir Langholtsskóla, Heiðdís Þorsteinsdóttir Vallaskóla, Lára Torfadóttir Lágafellsskóla og Linda B. Magnúsdóttir Setbergsskóla.

---

Freyja Bergsveinsdóttir  
Gunnlaugur SE Briem

# Ítalíuskrift

Kennsluleiðbeiningar

## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b>	2
<b>1 Undirstaða</b>	4
Ítalíuskrift kennd sem hreyfing. Enginn þarf að heltast úr lestinni. Hvað er góð skrift? Hvað er Ítalíuskrift? Uppruni Ítalíuskriftar. Fyrsta notkun á Íslandi. Eiginleikar handarinnar. Flýttir er ekki til bóta.	
<b>2 Pennagrip</b>	20
Undirstaða skiptir máli.	
<b>3 Skrift með vinstri hendi</b>	23
Rétthentur heimur.	
<b>4 Kostir krotæfinga</b>	28
Úr kroti í skrift. Ný þjálfun.	
<b>5 Úr krákustig í skrift: lágstafir/litlir stafir</b>	32
Stafafjölskyldurnar a, b, o, l og x.	
<b>6 Úr frumformum í skrift: hástafir/stórir stafir</b>	42
Stafhóparnir A, E og O, tölur og smælki.	
<b>7 Hvað dugir við skrifkrampa?</b>	62
<b>8 Næstu áfangastaðir</b>	66



Námsgagnastofnun 2011

---

## Formáli



### Ættarsvipur

Til þess að auðvelda börnunum að læra litlu stafina skiptum við þeim í hópa sem við köllum fjölskyldur: a, b, o, l og x.

Svipuð form með svipaðum stafaslóðum eru í sömu fjölskyldu. Hver á sinn lit, eins og sést hér fyrir ofan. Mikla áhersla þarf að leggja á að rétt sé dregið til stafs. Í bókunum eru stafaslóðir alls staðar til viðmiðunar.

**M**ARKMIÐ Ítaliuskriptar er að leggja traustan grunn. Börnin þurfa að læra skrift sem þolir hraða og nota má við nám og í daglegu lífi. Annars vegar læra þau fastmótað hreyfingakerfi. Hins vegar er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum.

Námsefnið og ítaræfingar sem því fylgja eru með nýjum áherslum sem aðlagast mismunandi getu og þörfum hvers nemenda.

Skriftin er kennd sem hreyfing og stafir tengdir frá upphafi. Áriðandi er að börnin nái tökum á þeim strax. Fínhreyfingar lærast með auðveldum krotæfingum. Góð handastjórn er undirstaða. Hana þarf að kenna áður en byrjað er á stöfunum.

Ekkert barn þarf að heltast úr lestinni. Því er þýðingarmikið að kennarar og foreldrar fylgist með hvað er gert og hvernig farið er að. Nóg er til af ítarefni sem bæta má við eftir því sem þörf krefur. Grunnæfingar og æfingar tengdar krákustígum má sjá á vefnum: <[www.italiuskrift.com](http://www.italiuskrift.com)>.


Bækurnar eru aðgengilegar bæði réttthentum og örvhentum. Í þeim eru stóru stafirnir kenndir en aðal-áherslan er á þeim litlu og tengingum þeirra.

### Hreyfingakerfi

Tuttugu og einn stórir stafir voru uppruni latneska stafrófsins. Þeir voru greinilegir og eru það enn. Sá var ljóður á að þeir bjöguðust þegar hratt var skrifað. Á nokkrum öldum bættust við litlir, tengdir stafir sem héldust læsilegir þótt skrifað væri í flýti.

Í dagsins önn þarf rithönd að vera lipur og læsileg. Til þess þarf fastmótaðar stafaslóðir, flæði og tengingar. Tilgangur skriftarnámsins er ekki síst að allir nemedur nái tökum á henni.

Ítaliúskrift er byggð á sögulegum stíl sem sameinar tryggja innviði og þegar vel tekst til, einstaklega fallegt útlit. Hún er í meira uppáhaldi meðal skrautskrifara á Vesturlöndum en nokkur önnur leturgerð. Hún er fallegust þegar yfirleggir er hærrí en stóru stafirnir.



Svona er farið úr kroti í skrift, eins og forsiður bókanna 1a og 1b sýna.

Auðvelt er fyrir börn sem ná valdi á Ítaliúskrift að gera úr henni fágaða, persónulega rithönd sem nýtist vel í daglegu lífi og býður af sér góðan þokka. Hér, eins og í öllu öðru sem við tökum okkur fyrir hendur, skapar æfing meistaran. Mjög mikilvægt er að þeir sem kenna fylgist vel með því að stafirnir séu rétt skrifaðir frá öndverðu

Garðabæ 24. ágúst 2011

Freyja Bergsveinsdóttir  
Gunnlaugur SE Briem  
Harpa Pálmadóttir

*Farei dal primo tratto grosso & pia-  
no questo corpo o - e dal  
quale ne camu poi cinque lettere  
a d c g g  
Dele quali lre tutti li corpi che toca-  
no la linea sopra  
la quale tu scri  
uerai,  
se hanno  
da  
formare  
in  
mo quadrato oblongo  
et  
non quadro perfect to. in tal modo  
cioe' □ :: r. e. a. v. c. d. g. :: g □  
a d c g g*

### Einstök fyrirmynd

Endurvakning Ítaliúskriftar sækir margt í kverið *La Operina*, kennslubók eftir Ludovico Vicentino degli Arrighi.

Á 32 síðum kennir hann skrift af snilld sem enn er dáðst að um allan heim.




Grunnform Arrighis að eru mýktir, þríhyrndir stafbelgir. Þau eru enn í góðu gildi.

# 1 · Undirstaða

Markmið þessa kafla er að gefa yfirsýn: að kynna kennsluáferð Ítalíuskriftar.

III III



## Ítalíuskrift er kennd sem hreyfing

**S**TAFIRNIR myndast þegar að kennileitum er bætt við krot. Frávik breyta krákustígum í skrift.



## Kyrrstaða og hreyfing

Besta áferðin við að kenna skrifletur er ekki að gera eftirmyndir af stöfum. Betra er að kenna dans þennans. Stafaslóðir skipta máli. Þær breyta kroti í skrift.

(Ljósmyndin er af Helga Tómassyni.)

---

Þú temur þér hreyfingar með því að gera þær. Líkt og barn lærir að grípa bolta og spila á píanó þannig lærist skriftin líka. Hreyfingin verður hverjum tölum sem endurtekur hana.

Flestir ná tökum á skriftarhreyfingunni á skömmum tíma. Þegar skriftarhreyfingin er komin á hreint sjá stafirnir að mestu um sig sjálfir. Aðeins þarf að bæta við kennileitum. Eins og dæmið hér fyrir neðan sýnir.



Ef barn ræður við stuttan krákustíg getur það skrifað stafinn u. Nóg er að mýkja löguna smávegis.



Þegar það hefur búið til stafinn u úr krákustíg eru stafirnir l og i leikur einn.

### **Að mörgu þarf að huga**

Ekki er auðvelt að vinna mörg verk samtímis. Við skriftir þarf að ákveða hvað á að festa á pappír auk þess að gefa málfræði og stafsetningu gaum.


Til viðbótar þarf að stýra pennanum og muna hvernig sómasamlega er dregið til stafs. Sumir hafa tök á öllu þessu án umhugsunar. Aðrir þurfa lengri tíma. En góð skrift er auðveldari en hún virðist.

Krákustígar eru fyrsta skrefið. Við athugum þá nánar í fjórða kafla, á blaðsíðu 31.

## Enginn þarf að heltast úr lestinni

**B**ÖRN eru með misjafna handastjórn og því misfljót að ná tökum á skriftarhreyfingunni og skriftinni. Öll börn geta lært að beita penna. Öll geta krotað og tengt depla. Það sem ekki tekst í fyrstu atrennu er gott að leysa með viðbótaræfingum. Nóg er til af æfingum sem kenna handastjórn og ef æfing er of erfið má alltaf finna aðra léttari.


Æfingin að draga strik á milli punkta er gott dæmi. Stutt bil milli depla er t.d. auðveldari æfing en þar sem langt bil er á milli punkta.



### Hér vantar neðstu þrepin.

Því er þessi stigi gagnslaus þeim sem á honum þarf að halda.


Ítaræfingarnar sem hluti af Ítaliuskrift má líkja við viðbótar þrep. Til að hjálpa þeim sem á þurfa að halda til þess að komast ofar.



Kennarar og foreldrar þurfa að fylgjast vel með handastjórn og finnhreyfingum barnanna og auka við grunnæfingar eftir því sem þörf þykir.

Vonlítill börn mega ekki láta hugfallast. Þau þarf að hughreysta og hvetja áfram. Ekki láta neinn gefast upp. Ekkert barn á að þurfa að heltast úr lestinni þar sem í boði eru fjöldi grunnæfinga.






### Upphafsaefingar

Í þeim er byrjað á að þjálfna skriftarhreyfingu handarinnar með kroti. Allir eiga að teikna hár og skegg á kallinn og brodda á broddgöltinn, kröftuglega ef þess er nokkur kostur. Markmiðið er að vinna hiklaust og í stórum dráttum.


Eftir krotið er svo farið í krákustigana og einfaldar mynsturæfingar sem kenna handastjórn. Þegar hún er fengin má spreyta sig á erfiðari verkefnum.




### Æfingar til að meta árangur

Allir fylla ferhyrning með beinum strikum. Þau þurfa að ná alla leið frá einni hjálparlínu til annarar en ekki fara yfir þær. Hér er aðgátar þörf.

Þú þarft að tryggja það í upphafi að allir skilji til hvers er ætlast af þeim. Þú þarft líka að fylgjast nákvæmlega með hvernig öllum gengur. Þeim sem gengur illa geta spreytt sig á viðgerðaræfingum þ.e. fleiri ítaræfingum.





### Gerðu skriftina að leik

Á meðan börnin vinna í því að þjálfa handastjórn og fingrafimi er nauðsynlegt að bjóða þeim upp á fjölbreyttar æfingar. Það er hægt að gera t.d. með eftirtöldu:

**Þriðrotið blað:** A4 blað brotið saman. Þegar blaðinu er flett sundur er búið að skipta því í átta lárétta fleti. Næst sýnirðu á töflunni hvernig fyrsta línan af krákustíg er gerð. Mynstrið á að vera sem jafnast. Efri broddarnir eiga að fara svo hátt að þeir snerti efri línuna en mega ekki fara yfir hana. Það sama gildir um neðri broddana og neðri línuna.



**Plastaðar æfingar:** Prenta út æfingar á A4 blað eða ljósrita stærra. Það geta verið krotæfingar, krákustígsæfingar, einn stafur á blað o.s.frv. Plasta síðan æfingarnar og þá eru þær margnota. Gæta þarf þess að nota tússpenna sem auðveldlega má þurrka af plastinu.



**Pensill:** Hann má nota á stórt blað eða blaðarenning. Börnin geta farið ofaní ljósritaðar æfingar eða gert sjálf.

En svo er um að gera að láta börnin koma með hugmyndir að æfingum.

## Hvað er góð skrift?

**M**ÆLIKVARÐI og viðmiðun hafa lengi verið bitbein í skriftarkennslu. Fjögur atriði eru nóg. Við höldum okkur við þau.

2. Samræmi í hæð. Stafir þurfa að sitja á grunnlínu og snerta láréttar hjálparlínur (yfirlínu, miðlínu og undirlínu) án þess að fara yfir þær.
2. Jafn halli án áberandi fráviks. Vegna sjónblekkingar er stafurinn f augljós undantekning.
3. Jöfn bil milli stafleggja, stafa og orða; sjálfum sér samkvæm að minnsta kosti.
4. Mikil frávik frá forskriftinni, til dæmis stafurinn o þríhyrndur, eru gallar. Í hófi telst skrykkjótt lína ekki galli.



### Kennsla skiptir máli

Hér á myndunum fyrir ofan má annars vegar sjá skrift 12 ára stúlku sem ekki hefur fengið markvissa kennslu í skrift (til vinstri) og hins vegar skrift 10 ára drengs sem fengið hefur markvissa kennslu (til hægri).

---

## Hvað er Ítaliuskrift?

ÍTALIUSKRIFT er skýr, einföld rithönd sem aðlagast persónueinkennum auðveldlega. Þegar vel tekst til er hún listaverk.

boga-  
dregnir  
stafir

skarpir  
stafir

### Ein forskrift við allra hæfi

Sumir kunna best við breiða, ávala stafi. Hjá öðrum verða þeir skarpir. Flestir meðalvegir þar á milli eru í góðu lagi. Ítaliuskrift er sveigjanleg umgjörð fyrir persónulega rithönd.

abcdøefghijklmñ  
opqrstuvwxyzþæö

### Söguleg stilgerð

Ítaliuskrift er byggð á skálettri húmanista, *cancellar-escha*. Til dæmis sveigist undirleggur stafsins f til vinstri.

Kansellískrift er stillt frá fimmtánu öld. Hún aðlagaðist nútímanotkun með smávægilegum breytingum. Venjulega var hún skrifuð með breiðpenna sem gerir fallega granna og breiða drætti. Nú á dögum skrifa flestir með blýöntum, kúlupennum og filtpennum. Þess vegna er forskriftin án grannra og feitra drátta.

**Y**FIR- og undirleggir eru styttri í forskriftinni okkar. Stafurinn c er bogadregnari en áður gerðist. Færra er til prýði. Einu sinni var stuttum skrautdrætti bætt við stafinn e í enda orðs. Hann er horfinn. Yfirleggir voru bogadregnir efst. Aðeins stafurinn f er það enn.

Stafina j og w vantar í forskrift Arrighis. Báðir bættust seint í latneska stafrófið. Undirleggur stafsins q beygir til vinstri. Það dugir ekki. Hann er mætti taka í misgripum fyrir stafinn g. Ýmislegt annað skemmtilegt datt upp fyrir. Þegar stafurinn t er næst á eftir stöfunum c og s er hann oft tengdur við þá með skrautdrætti. Stafurinn z var gjarnan hafður mjög stór.



### Slakað á reglum

Byrjendum er kennt að tengja ekki úr undirleggjum. Með tímanum er sjálfsagt að leyfa það. Hér sést hvernig tengt er smekklega úr fyrri stafnum g í þann seinni.

Ítaliuskript er sveigjanleg. Þegar þú hefur lært hana geturðu gert hvað sem þér sýnist.

A a b c d e f g h i j k l m n o p q r s t u v x y z

Ekki hentar öllum að læra að skrifa Kanselliskrift eins og ritara á endurreisnartímanum. Sennilega er óhætt að nota einfaldari forskrift.

Ítaliuskript er auðvelt að læra og auðvelt að kenna.

### Hvað tekur við?

Forskriftin er góð byrjun. Þegar að hún er skrifuð með breiðpenna þá er kominn grunnur að skrautskrift. Þá gefst vel að teygja úr yfir- og undirleggjum og bæta við skrautdráttum.

---

## Uppruni Ítaliuskriftar

**Í** LOK miðalda var gotnesk skjalaskrift, sem líka er kölluð snarhönd, í notkun um meginhluta Vestur-Evrópu. Hún tók við þegar skjalaskrift Karlungatímans lagðist af á 13. öld.

Á Vesturlöndum breyttist skrift þegar einu menningarskeiði lauk og annað tók við. Hins vegar var hreyfingakerfi hennar að mestu óhaggað. Skriftarslóðin var árangur órofinnar þróunar allt frá Rómaveldi forna.

Þegar Ítaliuskrift kom til sögunnar héldust hreyfingar snarhandar að mestu óbreyttar. En útlitið varð allt annað.

Letri má skipta í flokka eftir útliti og notkun. Skiltamálarar og steinhöggvarar hafa öldum saman fengist við legsteina og opinberar áletranir. Veggjakrotarar krotuðu á veggum og gera það enn. Skrifarar tóku að sér bókagerð með myndskreytingum og bókbindurum. Ritarar sáu um skjöl og sendibréf.


Búist var við að bækur yrðu lesnar oft en einu sinni. Letrið þurfti að vera fallegt og skýrt. Þess vegna vönduðu skrifarar sig og unnu hægt. Letrið var auðlesið en ekki á allra færi. Annað gildi um skjöl. Staðfesting eigendaskipta á jarðarskika þarf varla að þróa. Ritari þurfti að vinna hratt. Læsileiki skipti minna máli. Letrið er auðskrið en ekki ætlað til tíðs lestrar.

Einn meginhvata í leturþróun var samspil skjala og bóka. Ritarar hermu oft eftir tiskusveiflum í bókaheiminum þegar þeir skrifuðu skjöl. Sum skjalaskrift þótt líka svo eiguleg að hún var notað sem bókskrift. Þetta var upphaf Ítaliuskriftar. Hún var skjalaskrift menntamanna á endurreisnartímanum.


Á fjórtánu öld og í byrjun þeirrar fimmtánu komu í leitirnar aldagömul handrit sem breyttu heimsmynd fólks. Fylgjendur fornmenntastefnu, húnastar,

reyndu gjarna að halda sama ritstíl við afritun á bókum. Hann er kallaður húnánistaletur.


Ítalíuskriftina eigum við að þakka Niccolò di Bartolomeo Niccoli (um 1364–1437). Hann var einn helstu fræðimanna við Medici hirðina í Flórens. Hann breytti útliti snarhandar og hafði bókletur húnánista til fyrirmyndar. Hreyfingakerfið var að mestu óbreytt. Með þessu móti gat hann gert læsileg afrit á skömmum tíma. Stíllinn var í hávegum hafður, sérstaklega meðal latínulærðra framámanna.



Snarhönd (gotnesk skjalaskrift) hafði afbrigðs hreyfingakerfi.



Einstakt yfirbragð bókhandar húnánista var til viðmiðunar.




Gullinn meðalvegur tveggja gerða: fyrstu drættir í nýjum stíl. Fyrir nóvember 1423.

## Fyrsta notkun á Íslandi

**Í**SLANDSKORT Guðbrands biskups Þorlákssonar gaf Abraham Ortelius út árið 1587 í fjórða viðauka *Theatrum Orbis Terrarum*.

Anders Sørensen Vedel, danskur klerkur og fræðimaður, var milligöngumaður höfundar og útgefanda. Ekki einasta eignaði hann sjálfum sér verkið, heldur tileinkaði það einnig Friðriki II Danakonungi.



### Útskorin Ítaliuskript

Hér sjást kennileiti á Suðurlandi: Hekla, Eyjafjallajökull og Mýrdalsjökull. Um hana er þetta sagt. „Hekla, dæmd til ævarandi storma og snjós,





### Listilega skreytt

Handlituð trérísta, ársétt 1585.

Á kortinu eru skepnur úr dýra-riki og munnmælum 16. aldar. Hvítabirnir sjást á hafís, sækýr á landi, rostungur í sjó, sæhestur, risaskata og hvalir ýmislegrir.


### Heimildir

Guðbrandur biskup var betur kunnugur heimalandi sínu en útlendingar sem byggðu kortagerð á frásögnum sæfarenda og fiskimanna. Í þeim fóru saman landlýsing og ýkjúsögur af sæskrímslum.

Um sjávardýr sem Ortelius hafði til skrauts á kortinu er *Cosmographia* Sebastians Münster (1545) augljós heimild. Sum voru líka sótt í verk Olaus Magnus, *Carta Marina* (1539). Þar að auki má þakka þau ímyndunarafla Brendans sæfara í *Navigatio Sancti Brendani Abbatis* (um 900).

## Eiginleikar handarinnar

**M**ÖGULEIKAR og takmarkanir handarinnar mótuðu skrifletur. Boglína er auðveldari en vinkilhörn. Tengdir stafir eru auðveldari en ótengdir. Lítils háttar halli á betur við hendur en upprétt skrift.



△ □ ○  
A H O


### Hvað gefst best?

Fyrir réttthenta er erfiðasta skriftarhreyfingin niður á við og til hægri, eins og í stöfunum k og x. Hún er gerð með því að beygja visifingur, löngutöng og þumal samtímis.

Hreyfingakerfi skrifleturs mótaðist af eiginleikum hægri handar. Þeir eiga sérstaklega vel við krot og krákustíga Ítalíuskriptar.


### Vandræði í skrift

Hástafir latneska stafrófsins eru byggðir á einföldum frumformum. Þeir eru auðlærðir og auðlesnir en afleit undirstaða rithandar.




### Hvað er gerlegt?

Í mannshöndinni eru 21 bein. Fjöldi liðamóta í henni er umdeildur. (Sumir segja að við framhandleggsbeinin öln og sveif séu tvö liðamót, aðrir aðeins eitt.)



Stafirnir E og e urðu oftast til á sama hátt. Vinstri hlið og botn voru skrifuð fyrst. Síðan var efri hlutinn skrifaður, ofan að og niður á við.

Ritarar stytta sér leið þegar þess var kostur. Með tímanum breyttist ásýnd letursins. Oftast var það þó skrifað með sömu hreyfingum og áður. Þannig gátu þeir sem voru skrifandi stafað sig fram úr framandlegum texta.



#### Skref í rétta átt á sjöttu öld

Þróun skrifleturs sem var læsilegt þótt hratt væri skrifað tók margar aldir. Örin bendir á stafinn m, sem þegar var kominn í fastmótað form.

Papýrsuhandrit frá Ravenna, ársett um 552.

## Flýtir er ekki til bóta

**M**UNDU að nemendur þínir eiga nokkurra kosta vöð. Hvað liggur þeim á? Óðagot spillir fyrir. Þú þarft að minna á það oft og ævinlega. Börn skrifa verr ef þau flýta sér, sem á reyndar við um okkur flest.


Markmiðið er ekki að fylla sem flestar blaðsíður. Besta aðferðin til þess að skrifa betur er að hægja á sér.

### Hvað er nógu gott?

Efsta línan hér til vinstri ber einkenni nákvæmni og vönduð vinnubrögð. Svona skrifum við það sem öðrum er ætlað að lesa.

Krotið í miðlinunni hæfir hripuðum minnispunktum.

Neðsta línan er hrafnaspark sem lítinn tíma tók og kann vel að vera ólæsilegt skrifaranum sjálfum og getur valdið misskilningi hjá móttakanda. Því skiptir máli að vanda til skriftarinnar.



### Tími skiptir máli

Alltaf þarf að svipast um eftir meðalvegi í skrift. Annar valkosturinn er fallegur, seinlegur læsileiki. Hinn er nauðsynlegur hraði.

Heilbrigð skynsemi er besti leiðarvísirinn. Minnisblöð þurfa ekki allaf að lita út eins og listaverk. Ákvörðun um meðalveg er einstaklingsbundin. Hún breytist frá degi til dags. Þar að auki fer hún eftir aðstæðum og oft eftir tímaþröng.

Skrift sem tekin er til viðgerðar á hvorki að vera sú besta né sú versta. Hversdagsafbrigði eru góð byrjun. Flest börn hafa tök á þeim. Markmiðið er jafnir og læsilegir stafir. Fyrsta skrefið er að hægja á sér. Yfirleitt er það ómaksins vert.

Hraði getur valdið óhöppum.


## Að hverju þarf að huga

**T**IL barn nái sem bestri þjálfun í skrift er gott að þáð æfi sig í smá stund á hverjum degi. Meginhlutverk kennarans er að fylgjast með hverju og einu barni skrifa. Með því að ganga um stofuna og skoða hvernig þau fara að. Foreldrar geta setið hjá barninu og fylgst með.


- Hver stafur þarf að byrja á réttum stað. Og skriffærið þarf að rata rétta slóð, frá upphafi til enda. Eins er mjög mikilvægt að halda rétt á pennanum.
- Ekki fara hraðar yfir en barnið ræður við.
- Barninu gefið ró og næði til að æfa sig. Róleg tónlist getur haft góð áhrif á barnið. Tónlist með texta eða lestur sögu getur truflað athygli barnsins við verkið.
- Mjög líklega þarf oft í byrjun að minna barnið á rétt grip og að halda ekki of fast utan um skriffærið. Þá er ágætt að nota tækifærið og staldra aðeins við, leyfa barninu að hrista hendur, slaka á öxlum og leggja arma þægilega og afslappaða aftur á boðið. Þá verður skriftin átakalaus.
- Gott er að prófa nokkrar gerðir skriffæra, ekki hentar öllum það sama. Mjúkir blýantar eru góðir fyri byrjendur HB, 2B, 4B og með þeim þurfa börnin ekki að skrifa eins fast og verða því síður þreytt í höndum.
- Mjúkir blýantar smita meira en harðir og bókin getur orðið skitug. Það er í lagi. Meira atriði er að barnið nái að skrifa rétt en að blaðið sé hreint. Það má laga seinna þegar skriftinni er ná.
- Þýðingarmikið er að halda athygli barna vakandi því æfingar án einbeitingar skila litlu. Ekki þvinga barnið til að æfa skriftina ef það er þreytt eða svangt.
- Skriftarhreyfingin æfð á hverjum degi en stutta stund í einu (um 15-20 mín) því barnið þreytist fljótt. Skriftarhreyfinguna má æfa með ýmsum skriffærum.
- Skriftarhreyfingin á að verða barninu töm og eðlileg. Bætið við æfingum eftir getu barnsins.

## Hrós

Munið að vera óspar á lofið og hvetja barnið.



## 2 · Pennagrip



Meinlaust er að fólk haldi á penna eins og því sýnist ef skriftin er þokkaleg og veldur því ekki óþægindum.

Markmið þessa kafla er að fara yfir valkosti. Eftir að hafa lesið hann áttu að geta kennt börnum að halda á blýanti og séð um að skriffæri valdi þeim ekki vandræðum.

### Undirstaða skiptir máli


**Ö**LL börn þurfa að læra hvernig haldið er á blýanti og penna. Hvernig þau fara að síðar er undir sjálfum þeim komið. Ef það fer í handaskolum geta þau byggt á því sem þeim var kennt í byrjun.

Blýantur má ekki vera í dauðahaldi milli þumal­fingurs, vísifingurs og löngutangar. Þannig byrjar skrifkrampi. Ef þú þrýstir þumal­fingri og löngutöng saman í staðinn geturðu oftast losnað við hann.

### Fyrsta pennagrip

Börn kunna ekki að halda á penna af eðlishvöt. Við verðum að kenna þeim það. Frumgripið er góð byrjun.

Fullorðnum kann að finnast það klunnalegt. Það er aðeins ætlað börnum sem enn hafa ekki náð tökum á fín­hreyfingum.



### Svona er frumgrip myndað

Fyrst

Byrjaðu með slaka hönd. Leggðu saman gómána á þumli og löngutöng, svolítið á misvíxl.

Næst

Leggðu pennann ofan á grófina milli þeirra þannig að skaftið sé við hnúann á vísifingri.

Að lokum



Leggðu vísifingurinn ofan á pennann. Nú ýtir vísifingur á móti þumli og löngutöng. Það er langtum betra en að þumall og vísifingur ýti öðrum megin á pennann og langatöng hinum megin.

---

Höndin á að liggja á jaðrinum og litlafingri hálf-  
krepptum. Úlnliðurinn á að vera nokkurn veginn  
beinn. Aldrei má láta höndina vera fyrir ofan línu og  
skrifa niður á við eins og örvhentum hættir sérstaklega  
til. Um það fjöllum við nánar á síðunni um örvhendi.

### **Framhaldsgrip fyrir eldri nemendur**

Þegar börn stækka breytast hlutföll handarinnar. Þau  
skrifa hraðar og þurfa að taka öðruvísi á pennanum en  
áður.



Framhaldsgripið er allt annað en frumgripið.  
Þumallinn færir upp á skaftið og ýtir á móti  
löngutöng og vísifingri. Við það er hættan á  
skrifkrampa orðin meiri en áður. Ef hans verður  
vart er hægt að grípa til ýmissa ráða. Það fyrsta er að  
færa þumalinn aftur niður á löngutöngina og mynda  
frumgripið. Þannig má halda pennanum þangað til  
krampinn hverfur.

Framhaldsgrip er frábært þegar skrifa þarf til  
lengdar með miklum hraða. En handastjórn þarf að  
vera komin vel á veg til þess að það sé til gagns.

Hálfgerð nýjabrum í letursögunni er að halda  
skriffærum eins og gert er nú á dögum. Til dæmis  
kennir skrifbók Steingríms Arasonar að handarbakinu  
eigi að snúa beint upp að nítjándu aldar hátt.

### **Hvers konar skriffæri?**

Stundum er mælt með að börn noti gild skriffæri fyrst  
í stað. Kostir þess eru ekki auðsæir. Best er að leyfa


Í framhaldsgripi ýtir þumallinn  
á móti vísifingri og löngutöng.

---

börnunum sjálfum að velja. Mörg kjósa grönn sköft, til dæmis fyllingar í kúlupenna.

### Hvert sinn

Í upphafi hvers skriftartíma þurfa allir að byrja með rétt grip. Að vísu aflagast það fljótlega hjá þeim börnum sem minnstan hreyfiþroska hafa. Það er ekki áhyggjuefni. Ef þau kunna rétt grip skilar það sér með tímanum. En þegar þau þurfa að grípa til þess verða þau að hafa lært það.



Þú þarft að eiga í förum þínum fimm eða sex þristrenda hólka til þess að smeygja upp á blýanta. Þeir eru mjög nytsamlegir við að kenna gott grip. Þristrendir blýantar eru líka til gagns. Ekki þarf að nota þá að staðaldri. Í hverjum bekk eru sjaldan mörg börn sem þurfa á þeim að halda.



Einn vondan ávana þarftu að uppræta strax og honum skýtur upp. Blýanturinn má aldrei liggja samhliða þumalfingrinum. Hann ræður ekki við fínhreyfingar.




### 3 · Skrift með vinstri hendi

Markmið þessa kafla er að fara yfir þarfir örvhentra barna í skrift. Eftir að hafa lesið hann áttu að geta leiðbeint þeim um pennagrip, pappírsstillingu og aðrar aðstæður.

#### Rétthentur heimur

**Þ**RÓUN skriftarinnar hefur ráðist að miklu leyti af eiginleikum hægri handarinnar. Sumar hreyfingar gerir hún auðveldlega, aðrar ekki. Því miður eru þær skriftarhreyfingar sem best eiga við hana erfiðar fyrir þá vinstri.


Öldum saman var örvhentum einstaklingum bannað að skrifa með vinstri hönd og stundum var þeim refsað fyrir það. Það bar lítinn árangur. Við þurfum að hjálpa örvhentum börnum í rétthentum heimi.



#### Erfiðasta skriftarhreyfingin

Sú skriftarhreyfing er erfiðust þegar samtímis þarf að beygja þumal, vísifingur og löngutöng. Fyrir sex ára barn er það snúið. Í lágstöfum Ítalíuskriptar kemur þessi hreyfing við sögu í stöfunum k s og x.

Örvhent skrift er ekki eins og rétthent, þar sem penninn er í vinstri hönd. Hægri höndin gerir stafleggina með auðveldum sveifluhreyfingum fingra og úlnliðs. Þær eigi illa við þá vinstri.



Krókbeygð hönd fyrir ofan línu er oft dýrkeypt lausn.

Margir örvhentir líkja eftir skriftarhreyfingum hægri handar með því að beygja vinstri úlnliðinn. Sú aðferð veldur oft versta skrifkrampa sem um getur. Aðrar betri lausnir eru til.


### Hver er örvhentur?

Þrettán prósent allra barna eru örvhent, eða þrjú í hverjum miðlungsbekk. Þau þurfa á hjálp að halda. Hér eru fjórar prófraunir til þess að finna þau. Börn hafa gaman af þeim.




#### Tilraun 1

Hvor höndin rekur blýant gegnum pappírsörk?



#### Tilraun 2

Með hvoru auganu er kíkt gegnum gatið?



#### Tilraun 3

Með hvorri hendinni gengur betur að henda vöðluðum pappírnum í loftið og grípa hann?




#### Tilraun 4

Hvorum fætinum er lent á þegar langt er stökkið?

Þegar þú veist hverjir nemenda þinna eru örvhentir biðdu þá foreldrana að kaupa sérstök skæri fyrir þau sem henta örvhentum, ef þau eiga ekki slík skæri.

Stundum eru tilraunirnar tvíræðar. Sum börn beita til dæmis vinstri fæti og hægri hendi. Hafðu auga með þeim: með tímanum geta þau orðið örvhent og þurfa þá á hjálp að halda.



### Rétthent grip og örvhent

Grip vinstri handar á að vera hærra á blýantinum. Hann á að hallast meira. Það á ekki að vera spegilmynd þeirrar hægri.

Þegar örvhentur skrifari horfir á gripið hjá sjálfum sér horfir hann á blýantinn því sem næst frá hlið. Rétthentir horfa á hann allt að því endilangan.


mm  
abc

mm  
abc



### Liðamót og beinabygging

Skrift sem hallast til hægri er hægri hendinni eiginleg. Eðlilegar hreyfingar fingra og úlnliðs vinstri handar mynda stafi sem eru uppréttir eða hallast lítið eitt til vinstri.



### Skrifað með hægri

Best er fyrir réttthent barn að hafa blaðið beint fyrir framan sig fremur en á ská.

Pappírinn þarf að vera dálítið til hægri við sjónlínu (hér sýnd með runu af rauðum deplum). Annars getur skriftin farið bak við höndina í upphafi línu.

Blýanturinn vísar á punkt skammt frá hægri öxl.

### Skrifað með vinstri

Óþarfi er fyrir örvhent börn að skrifa hvern staflegg með erfiðri hreyfingu þumals, vísingurs og löngutangar.

Þeim gefst vel að snúa pappírnum til hægri og hafa hann dálítið til vinstri við sjónarlínu (hér sýnd með runu af rauðum deplum). Þannig lendir skriftin ekki bak við höndina í línulok.

Blýanturinn vísar til vinstri.

Ekki láta réttthent barn og örvhent sitja saman eins og hér er sýnt. Bæði þurfa olnbogarúm. Það örvhenta á vitaskuld að vera vinstra megin.

### Hæð

Hátt sæti er oft gagnlegt fyrir örvhenta. Oft er til bóta að hafa sessu á stólnum.

### Ljós

Í flestum kennslustofum eru gluggar vinstra megin. Lýsing frá vinstri kastar skugga af vinstri hendi þeirra örvhentu á skriftina hjá þeim. Það þarf að forðast ef þess er nokkur kostur.



### Á haus

Sumt örvhent fólk líkir því við spennitreyju að láta skriftina hallast til vinstri og pappirinn til hægri. Ekki er það ævinlega fjarri lagi. Önnur aðferð er til, þótt ekki eigi hún við alla.

Margir örvhentir skrautskrifarar snúa pappirnum í tæpan hálfhring, 135 gráður eða þar um bil. Það leysir tvennan vanda. Annar er að höndin fer ekki ofan í blekið. Hinn er að skrifað er með hreyfingum sem fingrum og úlnið vinstri handar eru eiginlegar. Þar að auki komast grannar og breiðar linur sniðpennans til skila.

Þessu fylgja líka gallar. Forskriftinni þarf að snúa. Horft er á stafina úr óvenjulegu sjónarhorni. Það er erfitt fyrir byrjendur. Varla skaðar þó að hafa þessa aðferð bak við eyrað.



### Reglustikuaðferðin

Svona má finna meðalveg pappírsskáa og skriftarhalla.

Hönd örvhents skrifara á að vera rétt fyrir neðan línuna sem verið er að skrifa. Þá fer hún ekki ofan í blekið þegar hún fylgir skriftinni frá vinstri til hægri.

Reglustika (blýantur gerir sama gagn) er lagður á grunnlínuna. Höndin má ekki fara upp fyrir hana, en penninn gerir það. Áður en byrjað er að skrifa er reglustikan er tekin burt.

Þetta þarf að gera nokkrum sinnum. Sjaldan líður á löngu áður en höndin finnur réttan stað hjálparlaus.

## 4 · Kostir krotæfinga

Markmið þessa kafla er að skýra í smáatriðum hvernig krot er notað í skriftarkennslu. Eftir að hafa lesið hann áttu að geta leiðbeint börnunum og valið réttar æfingar fyrir þau.

### Úr kroti í skrift

**F**YRST þurfa börnin að æfa frjálsglegar hreyfingar. Með þeim gefst tækifæri til þess að sleppa fram af sér beislinu. Stundum þarf að telja kjark í þau sem hika.

Láttu þau spreyta sig á ýktu kroti með því t.d. að teikna hár á kalla. Höndin, frá úlnliði til fingurgóma, á að hamast fram og aftur, niður og upp. Sérhver hönd hreyfist með sínu lagi og heldur eigin takti.


Hverri frjálsglegri krotæfingu fylgir mynsturæfing. Af henni ræðst hvað tekur við.

### Árangur mældur

Mynsturæfingar eins og er hér til hægri sýna hverjum þarf að rétta hjálparhönd. Strik í þeim þurfa að ná alla leið frá einni hjálparlinu til annarar en ekki fara yfir þær. Hér er aðgátar þörf.

Ef eitt strik af hverjum tíu ratar ekki á réttan stað er vissast að spreyta sig næst á auðveldari krotæfingu. Þótt illa takist til er óþarfi að örvænta. Sum börnin þarf ef til vill að hughreysta. Enginn má heltast úr lestinni.

Þegar hingað er komið er þarf að ganga úr skugga um að öll börnin skilji einföld hugtök eins og hægri og vinstri, upp og niður.




### Stef með tilbrigðum

Fyrst teikna allir hár og skegg á sköllóttan haus.

Nóg er af krotæfingum á [italiuskrift.com](http://italiuskrift.com).





### Hvað tekur við?


Börn sem ráða við auðveldar mynsturæfingar hafa lítið fyrir tveimur eða þremur síðum af lauslega þáruðum krákustígum. Ýkt krot er gagnlegt.

Næst læturðu þau spreyta sig á krákustígum og vanda sig við þá.

### Mismunandi æfingar

Gott er að láta frjálslugar æfingar og nákvæmnisvinnu skiptast á.

Byrjendur eru fæstir vanir kroti og krákustígum. En hverju barni eru vissar hreyfingar eiginlegar. Það á ekki síður við um krothreyfingar en göngulag og limaburð. Þær eru góður efniviður í skrift og rithönd.



### Linur, rúðustrikun og hallalínur hjálpa

Krákustíga er auðveldara að gera á strikaðan pappír en óstrikaðan. Rúðustrikun og hallalínur eru nytsamlegar.




### Krákustígur og kennileiti

Ekki spillir að hafa rimlagirðingu í huga: drættir hallast smávegis og jöfnum bil milli þeirra. Þegar kennileiti bætast við verða þeir að skrift.

## Ný þjálfun

**S**UM börn þurfa að æfa sig vel og lengi áður en þau geta farið að skrifa. Handastjórn er ekki síður nauðsynleg en skilningur.


Hvert barn þarf að koma blýantsoddi þangað sem honum er ætlað og ekki á einhvern annan stað. Þetta þarf að kenna. Það er augljóst og sjálfsagt að hvatning ber ævinlega betri árangur en gagnrýni.



### Handastjórn

Ekki er úr vegi að fjórða eða fimmta hver æfing sé auðveld og þá er t.d. hægt að nota æfinguna með þrjúbrotna blaðið. Þegar blaðinu er flett sundur er búið að skipta því í jafna lárétta fleti. Einnig er hægt að brjóta blaðið enn einu sinni. Það hentar sumum betur því lágrétti flöturinn til að skrifa á verður minn.

Sýndu bekknum hvernig farið er að. Hafðu svo auga með börnunum við að brjóta saman blöð á eigin spýtur. Æfingin gefur þér góða hugmynd um þarfir þeirra og fingrafimi.



### Hér sjást smá gallar

Broddar sem ganga of hátt og aðrir sem ekki komust alla leið.


Mynstrið orðið of þétt og hvernig það endurtekur sig línu eftir línu.

Neðri línan byrjar of innarlega og lok hennar mætast broddar á röngum stað

Næst sýnirðu á töflunni hvernig fyrsta línan af krákustíg er gerð. Mynstrið á að vera sem jafnast. Efri broddarnir eiga að fara svo hátt að þeir snerti efri línuna en mega ekki fara yfir hana. Það sama gildir um neðri broddana og neðri línuna.


Mörgu þarf að sinna. Við bætum við deplum og boglinum. Við teygjum úr strikum og breytum þeim í yfir- og undirleggi. Hreyfingarnar eru einfaldar og auðveldar.






### Krákustígur fyrir byrjendur

Strik milli grunnlínu og miðlínu eru lítill vandi. Blöð með hallalínunum eru enn auðveldari. Þetta er þó of erfitt fyrir sum börn. Það er ekkert vandamál.




### Hallalínur fyrir byrjendur

Stafleggir eru þá skrifaðir ofan á hallalínur eins og sýnt er í bókunum.




### Auðveldari

Prentaðan krákustíg á æfingablöðum má spora tvisvar eða þrisvar áður en hann er skrifaður. Annað afbrigði af þeim er með hallalínunum þar að auki. Ef börnunum finnst það betra mega þau skrifa ofan á línurnar.



### Svona eru hallalínur hugsaðar

Slóð pennans er samhliða hallalínunum.



### Heilmikil aðstoð, vonandi til bráðabirgða

Rúðustrikaður pappír veitir meiri stuðning en línustrikaður. Á hann má líka bæta hallalínunum og forskrift til þess að spora.

Úrval af strikuðum pappír er á [italiuskrift.com](http://italiuskrift.com).



### Svona eru hallalínur notaðar

Stafleggina þarf hvorki að skrifa ofan á þær né jafnt milli þeirra. Þær eru einungis til viðmiðunar.

## 5 · Úr krákustig í skrift Lágstafir/Litlir stafir

Markmið þessa kafla er að gera grein fyrir undirstöðum skriftarhreyfinga. Eftir að hafa lesið hann áttu að geta kennt byrjendum stafaslóðir og útskýrt frávik og kennileiti sem breyta krákustigum í tengda stafi.

### a-fjölskyldan


**G**ETURÐU teiknað krákustig? Þá geturðu skrifað stafinn u. Gerðu skálinuna bogadregna. Dálítil niðurbeygja dugir.

uu uu uu

Lokadrættir eru myndaðir með nákvæmlega sömu niðurbeygju. Hana köllum við hengirúm.

uu adgquy

Þegar börnin hafa lært að búa til stafinn u úr krákustig eru a-fjölskyldan komin hálf leið.




uaad

### Snúið aftur

Þessi ör táknar að dráttur nemur staðar og fer sömu leið til baka. Það er algeng hreyfing í Ítalíuskript.

Stafurinn a myndast þegar honum er lokað að ofan með þverstriki og stafurinn d við að yfirlegg er bætt á hann.

Nokkrir drættir eru a-fjölskyldunni sameiginlegir. Hver stafur sem lærist er gagnlegur við að temja sér hina. Gott er að æfa þá saman.



Oftast þarf að útskýra undirleggi stafanna g og y nákvæmlega.

Þeir eru skrifaður næstum niður að undirlínu, þá er byrjað að beygja til vinstri, þaðan niður á grunnlínu og svo upp á við til vinstri. Þegar komið er að vinstri hlið stafsins er blýantinum lyft. Byrjendur tengja ekki úr undirleggjum.


Hér gefast venjuleg línustrikuð blöð ekki nærri eins vel og blöð með grunnlínu og hjálparlínum (miðlínu, yfir- og undirlínu).



### **Svona og ekki öðruvísi**

Þú þarft að ganga milli borða og fullvissa þig um að börnin rati rétta slóð. Þegar skriftarblöð eru skoðuð eftir á sést það ekki alltaf. Stafurinn d er oftast til vandræða en hinir, börnin byrjað oft á röngum stað.

Stafirnir þurfa að byrja og enda á réttum stöðum og komast rétta slóð milli þeirra. Misskilning þarf að leiðrétta strax.




### **Hugmynd**

Sumum gengur betur við stafina g og y með því að ímynda sér tvo þríhyrninga sem hægt er að skrifa kringum.

## Átta stafir b-fjölskyldunnar

**S**EGJA má að b-fjölskyldan væri eins og a-fjölskyldan ef hún stæði á haus og væri skrifuð aftur á bak. Niðurbeygjur sveigjast upp á við. Hengirúmin eru orðin að hvelfingum.



### Svona er farið að við stafinn b

Byrjaðu við yfirlínuna og skrifaðu staflegg örlítið til vinstri niður að grunnlínu. (Ekki nema þar staðar. Hugsaðu þér að blýanturinn sé hoppandi bolti.) Gerðu bogadregna skálinu frá grunni til miðlínu. Þar beygirðu og býrð til seinni legginn. Nálægt grunnlínunni beygirðu og ferð til vinstri.

Ef þú ætlar að tengja í næsta staf snýrðu við og gerir lokadráttinn.



Leikur nokkur vafi á að börnin séu fullfær um að skrifa stafinn b? Þá er langtum betra að stíga eitt skref aftur á bak en ganga feti fram. Til þess eru krotæfingarnar að nota þær, sérstaklega þegar sótt er á brattann.

---

b þ p n m h k r

Börn sem hafa tök á stafnum b komast vandræðalaust frá stöfunum þ og p. Stafirnir n, m, h byrja eins og stafurinn b og enda eins og stafurinn a. Það er einfalt mál.

Á bestu bæjum tíðkast að hafa millibil leggja í stafnum m ögn þrengra en í stöfunum n og h. Slík fágun á ekki heima í námsefni fyrir byrjendur, en hana má þó hafa bak við eyrað til seinni nota.

h k ←

Stafurinn k er svipaður stafnum h með níðþröngt belti. Börn segja að með það í huga sé auðveldara að skrifa hann í góðum hlutföllum.

k r

#### Undantekning

Stafabil eru jafnari ef tenging úr stafnum k er oddmyndaðri en tíðkast um aðra svipaða stafi.

r a r b r c

Úr stafnum r er tengt með niðurkrækju. Til þess að halda jöfnum stafabilum má hafa hana krappa eða gleiða. Sumir góðir skrifarar tengja aldrei úr honum.


## Bugðótt og bogadregin: o-fjölskyldan

**K**RÁKUSTÍGAR ákvarða hluföll og stafabil o-fjölskyldunnar. Hún lítur vel út með stöfum sem eru ólíkir henni í lögun.

o c ð e æ t s

### Aðhald

Svona sitja hringmyndaðir stafir á krákustíg. Hann mótar hlutföll þeirra, bæði hæð og breidd.



### Efst og rangsælis

Stafurinn o byrjar ofarlega og er skrifaður til vinstri, eins og aðrir stafir sem honum eru svipaðir í lögun.

leit  
lell ←  
leit

### Misskilningi afstýrt

Stafurinn e sem lykkja getur misskilist. Lykkja getur verið lágvaxinn stafurinn l, stafurinn e í hærra lagi, stafurinn i án depils og óstrikaður stafurinn t.

Til loka 17. aldar var stafurinn e yfirleitt skrifaður í tveimur dráttum. Í koparstungu breyttist hann í lykkju og hélt þeirri slóð þegar hún varð að lykkjuskrift á 19. öld.

Í Ítaliuskrift hefur betri slóð verið endurvakin.



### Svona skrifum við stafinn e

Við byrjum ofarlega og skrifum fyrri dráttinn eins og helminginn af stafnum o. Næst lyftum við blýantinum og byrjum síðari dráttinn á sama stað og þann fyrri. Hann myndar lítinn stafbelg sem lokast rétt fyrir ofan miðju fyrri dráttarins. Þaðan má tengja í næsta staf.


### Samsteypa

Hægri hluti stafsins æ er eins og belgur stafsins a. Sá vinstri er sóttur í stafinn e.



### Hlutföll og halli

Neðri hluti stafsins s á að vera svolítið stærri en sá efri. Gott er að spora skálinu á stafnum o.



### Jafnvægi

Fastar reglur um þverstrikaðan yfirlegg stafsins ð eru ekki handbærar. Oft gefst þó vel að hafa í huga kross ofan við stafinn o.

### Hefð

Yfirleggur stafsins t er styttri en á öðrum stöfum.


Byrjaðu milli yfirlínu og miðlínu. Gerðu staflegg lítið eitt til vinstri. Nálægt grunnlinunni gerirðu boglínu til hægri eins og í stöfunum c og e. Lyftu blýantinum og færðu hann upp að miðlínu.

Á endanum gerirðu lárétt strik sem byrjar vinstra megin við legginn. Það er líka lokadráttur og tengist næsta staf. Hann lítur betur út ef hann er lítill eitt fyrir neðan miðlínu.

lijf

## Einföld, margsnúin: l-fjölskyldan

**Þ**RÍR stafir l-fjölskyldunnar liggja í augum uppi og lítið þarf um þá að tala. Þeim fjórða er vissara að gefa gaum.



### Tvenns konar byrjun

Best er að byrja þar sem stafleggurinn er fyrirhugaður, skrifa stuttan drátt til hægri eins og í a-fjölskyldunni, nema staðar og fara sömu leið til baka. Svo má beygja niður í staflegginn.

(Stafinn f má líka byrja hægra megin, rétt fyrir neðan yfirlínuna. Þá er farið til vinstri og upp að henni. Drátturinn er næstum beinn. Beygðu svo niður í staflegginn.)

Bugðurnar að ofan og neðan valda sjónblekkingu. Þess vegna er stafurinn f látinn hallast minna en hinir. Leggurinn byrjar fyrir ofan miðlínu og honum lýkur neðan við grunnlínu. Ekki sveigja legginn.

Þegar þú ert nærri komin að undirlínunni þá er byrjað að beygja til vinstri, þaðan niður á grunnlínu og svo upp á við til vinstri. Undirleggir stafanna g og y eru skrifaðar á sama hátt.

Lyftu blýantinum upp að miðlínunni til þess að gera þverstrikið. Það er lokadráttur og tengist gjarna í næsta staf. Stafurinn lítur betur út ef strikið er litið eitt fyrir neðan miðlínuna eins og á stafnum t.

i.

### Depill og punktur

Broddar or deplar eru hlutar af stöfum. Kommur og punktar eru greinarmerki.



li j f


### Augljóst mál

Stafurinn j hefur styttri bugðu á undirlegg en stafirnir f g og y.



### Frjálsleg afbrigði


Tvöfalt f má skrifa á ýmsa vegu. Dráttaröðin skiptir ekki öllu máli. Góðir skrifarar leika sér stundum að mismunandi halla.



### Hæfileg bil

Deplar yfir stöfunum vinstra megin eru heldur nálægir leggjunum. Vel fer á að þeir séu jafnháir yfirleggjum, eins og hér sést í miðjunni.

Margir skriftarspekingar segja að stutt bil milli depla og stafleggja gefi til kynna smámunasemi og langt bil kæruleysi. Rannsóknir hafa ekki fundið tengsl af neinu tagi milli rithandar og skapgerðar.




### Hjálparlinur til bjargar

Börn rata oft í ógöngur við að skrifa stafinn f á óstrikaðan pappír. (Það á reyndar líka við um fullorðna.) Lögun og hæfileg lengd undirleggsins vefst síður fyrir þegar skrifað er á örku með grunnlínu og hjálparlínunum.


XVWZ

## Hornalínur og skástrík: x-fjölskyldan

**S**KÁSTRÍK eru uppistaða x-fjölskyldunnar. Að stafnum x frátöldum liggja slóðirnar í augum uppi. Krákustígur ræður hæð stafanna og breidd. Miðlínur í honum stuðla að jafnvægi tveggja þeirra.



Oddur stafsins v á að vera miðja vega milli tveggja leggja krákustígsins.



### Aðlögun


Stafurinn w er gerður úr stafnum v tvískrifuðum, en nær ekki réttu jafnvægi nema þeir hallist lítils háttar hvor að öðrum.

Hér sést munurinn á stafnum v tvöfölduðum (til vinstri) og stafnum w þegar hann er vel af hendi leystur (hægra megin).



Efalaus og ótvíræð

Stafurinn x kemst hjálparlaus leiðar sinnar. Réttri slóð stafsins x þarf að hins vegar að gefa gaum. Börnin mega ekki vera í neinum vafa um hana.



### Röng slóð getur valdið misskilningi

Ef slóðin í efstu línunni þjagast getur stafurinn x orðið að stafnum v, illa skrifuðum. Flýtir er háskalegur.

Í miðlínunni má mislesa stafinn e fyrir stafinn x vegna villandi slóðar.

En rétta slóðin í neðstu línunni, hvort sem stafurinn er vel skrifaður eða illa, myndar einungis stafinn x.

---

## 6 · Úr frumformum í skrift Hástafir/Stórir stafir

Markmið kaflans er setja fram muninn á að skrifa hástafi og lágstafi. Eftir að hafa lesið hann hefurðu vonandi vissa innsýn í eiginleika hástafa og átt að geta kennt byrjendum stóru stafina.

### Annar heimur

**U**PPHAFLEGA voru einungis hástafir í latneska stafrófinu. Þeim má raðu upp á ýmsa vegu. Við skiptum þeim í þrjá hópa. Flestir taka mið af frumformum: þríhyrningi, ferhyrningi og hring.

### Glæsileg fyrirmynd

Stóru stafirnir í Ítalíuskrift eru fengnir úr 2000 ára gömlum rómverskum áletrunum. Þeir eru gullfallegir þótt ekki sé tekið út með sældinni að skrifa þá með penna.



---

Enn í dag eru stafirnir A og V með þríhyrningslagi. Úr stöfunum O og Q er stutt í hringinn.

ABCDEF  
GHIJKLMNOPQR  
STUVWXYZÞÆ

### Takmarkanir

Hástafir eru notaðir til að byrja setningar og sérnöfn. Þeir eru gagnlegir til áherslu en sjaldan auðlesnir í löngu meginmáli. Tengd skrift er þeim ekki eiginleg.

Lágstafir komu seinna til sögunnar. Ritarar reyndu öldum saman að skrifa stóru stafina hratt, læsilega og án óþarfa fyrirhafnar. Litlu stafirnir eru afrakstur þess.

Fæstir hástafanna hafa ákveðna slóð. Ekki skiptir öllu máli hvaða dráttur er fyrstur. Þeir hallast álíka mikið og lágstafirnir..

---

---

Abc

### Efðavenja

Í Ítaliuskrift eru stóru stafirnir lægri en yfirleggir. Það skapar meira jafnvægi. Milli yfirlínu og miðlínu er stundum dregin lína sem kölluð er hástafalína. Hún sýnir hæfilega hæð.


## A-hópurinn

**S**TAFIRNIR eru að mestu búnir til úr skálinum. Þríhyrningar koma efalaust við sögu í þeim flestum.

A V W M N K X Y Z

### Tilætlunarsemi

Þessir stafir eru ekki eins auðveldir og þeir virðast við fyrstu sýn. Fólk er vant fallegum stöfum á prenti og gerir kröfur án þess að taka eftir þeim.



Byrjaðu stafinn A á skálegg. Reyndu að ná réttum halla. Þú getur byrjað að ofan eða neðan eftir því sem þér sýnist.

Hægri skáleggurinn á að byrja að ofan og enda á grunnlínunni. Þar lyftirðu blýantinum.

Færðu blýantinn á vinstri skálegginn, rétt fyrir neðan miðju. Gerðu þverstrikið og lyftu blýantinum. Ekki er tengt úr hástöfum en þegar Ítalíuskriptin er orðin þér töm geturðu tengt úr þverstrikinu í næsta lágstaf á eftir.

Ekki er eins nauðsynlegt að hver dráttur í hástöfum sé skrifaður í rétta átt eins og í lágstöfunum.



Byrjaðu stafinn V á skálinu frá hástafalínu niður að grunnlínu. Seinni dráttinn geturðu byrjað hvort sem þér sýnist að ofan eða neðan.



Stafurinn W er ekki stafurinn V tvítekinn. Vinstra megin sést hvernig fer þegar það er reynt. Stafurinn verður of breiður. Helmingarnir tveir virðast í þann veginn að detta hvor í sína áttina.



Strikin í stöfunum sýna hallann. Vinstra megin hefur stafurinn V verið skrifaður tvisvar. Hægra megin sést hversu mikið verður að halla letrinu og þrengja það til þess að gera stafinn W vel úr garði.



Byrjaðu á skáa frá hástafalínu niður að grunnlínu. Bættu við öðrum drætti, hvort sem er upp eða niður. Sá þriðji á að fara niður á við en þann fjórða má skrifa í hvora átt sem er.




#### Fyrirmynd

Hástafir Arrighis eru hvatning og innblástur en henta okkur tæplega sem forskrift.

Ugo da Carpi var snillingur, sennilega besti tréskeri sextánda aldar. Frummyndir Arrighis að flestum stöfunum hér að ofan eru lægri en fjórir millimetrar. Of mikils væri til ætlast ef búist er við gallalausri tréristu af þeim.

Í stað þeirra styðjumst við við steinhöggvar áletranir Rómarveldis sem nóg er til af.



### Rökhyggja og snilligáfa

Í þriðja bindi *Underweysung der Messung* sýnir Albrecht Dürer hvernig hverjum og einum er kleift að draga upp hástafi með reglustiku og sirkli (Nürnberg: H. Formschnender, 1538).



Fyrsti dráttur stafsins M er annað hvort skrifaður upp eða niður. Annar drátturinn er á ská frá hástafalínu til grunnlínu. Þann þriðja má skrifa í hvora áttina sem er. Sá fjórði er niður á við.



Svona má temja sér hlutföll stafsins M.

Byrjaðu á stafnum V og bættu síðan við ytri leggjunum. Þegar þú hefur náð tókum á löguninni geturðu skrifað stafinn eftir kúnstarinnar reglum.



Byrjaðu stafinn N á beinum legg. Næst gerirðu skálegg frá hástafalínu til grunnlínu. Að lokum gerirðu annan beinan legg, hvort sem er upp eða niður. Láttu stafinn ekki verða of þröngan. Byggðu hann á ferningi.




Byrjaðu stafinn K að ofan. Miðaðu efri skáanum á fyrri legginn, rétt fyrir ofan miðju. Dragðu neðri skáann niður að grunnlínu án þess að lyfta blýantinum.






Stafurinn X byrjar á skáa niður á við og til hægri eins og lágstafurinn x. Lyftu blýantinum, byrjaðu aftur að ofan og gerðu skáa niður á við til vinstri.



Þú byrjar stafinn Y eins og stafinn X, með skáa niður á við til hægri. Þegar þú ert kominn rúmlega hálf leið breytirðu um stefnu og gerir beinan legg niður að grunnlínu. Lyftu blýantinun og gerðu seinni skáann.



Stafurinn Z byrjar á drætti til hægri. Honum fylgir skái til vinstri niður að grunnlínu. Láréttur dráttur til hægri lýkur stafnum.



### Gagnlegir kassar I

Hallandi ferhyrningar gefast oft vel til þess að útskýra mikilvæga smámuni.

Þeir auðvelda til dæmis að draga til stafsins A eða rata á mittið á stafnum K. Formskyn barna eflist þegar þau taka eftir að efri skái stafsins K teygir sig minna til hægri en sá neðri.


## E-hópurinn

AÐ stafnum J undanteknum er E-hópurinn gerður úr beinum línunum. Ef gætt er að jöfnum bilum milli stafa og innan þeirra þarf lítið fyrir þeim að hafa.

EFTLHIJÆ

### Tímans tönn

Með tímanum þróuðust hástafir og breyttust smám saman í litlu stafina. Stafurinn J bættist við stafrófið í lok miðalda og hefur haldið löguninni.




Byrjaðu stafinn E á legg frá hástafalínu til grunnlínu.

Snúðu til hægri og gerðu neðsta þverstrikið. Lyftu blýantinum.

Færðu blýantinn á sama stað og þú byrjaðir staflegginn. Gerðu efsta þverstrikið. Lyftu blýantinum.

Færðu blýantinn á legginn, rétt fyrir ofan miðju, og gerðu miðstrikið.


Þessi slóð stafsins E hefur verið óbreytt síðan í Rómaveldi forna. Ef þú gerir boglinur í staðinn fyrir horn kannastu líklega við slóð stafsins e. Hún er óbreytt þótt útlit stafsins hafi breyst.




Stafurinn F er nauðalikur stafnum E. Þú byrjar efst til vinstri og gerir legg. Þá lyftirðu blýantinum og gerir efra þverstrikið. Að lokum lyftirðu blýantinum aftur og gerir lægra þverstrikið.




Fyrri dráttur stafsins T er leggurinn. Lyftu blýantinum af grunnlínunni, færðu hann upp að hástafalínunni og gerðu þverstrikið frá vinstri til hægri..



Stafurinn L er eins og stafurinn E ókláraður. Að stafleggnum loknum bætist við þverstrik til hægri eftir grunnlínunni.



Gerðu leggina fyrst þegar þú skrifar stafinn H. Ljúktu stafnum með þverstriki. Láttu stafinn ekki verða of þröngan. Byggðu hann á ferningi.




### Þrjú prósent


Margra alda þróun aðlagaði leturform smátt og smátt dansandi pennaoddi. Þannig kom til sögunnar skrift sem hægt var að kenna sem hreyfingu.

Stóru stafirnir hafa litið breyst í 2000 ár. Þá verðum við að kenna sem kyrrstæð form.

Sem betur fer eru hástafir hlutfallslega fáir. Að meðaltali reyndust þeir færri en 3% í textagreiningu á þremur íslenskum verkum (Njálu 3.6%, ævintýrinu Búkollu 2.8%, Grasaferð eftir Jónas Hallgrímsson 1.2%).



Stafurinn I er aðeins einn leggur. Fyrir ofan hann seturðu aldrei depil nema þegar þú skrifar tyrknesku.



Þú byrjar stafinn J eins og aðra leggi. Þegar hann fer að nálgast grunnlinuna byrjarðu að beygja til vinstri.



Stafurinn Æ byrjar á drætti sem annað hvort er skrifaður upp eða niður. Þú bætir við stafnum E og endar á miðstriki. Sumir hafa hnykk á því fyrir útlitssakir. En ekki er goðgá að gera það með beinni línu.



Ótækt er með öllu að gera stafinn Æ með því að bæta þverstrikum á stafinn A.


## O-hópurinn

**H**RINGUR er erfið lögur. Hann er hreint form, getur hvorki verið meira né minna en hringur. Annað hvort er hann hringur eða er það ekki.

O Q C G D ð Þ P R B S U

### Sigursælt undanhald

Hringur er erfiðari en sporbaugur. Stafir sem upphaflega voru byggðir á hring eru nú á dögum orðnir auðveldari í lögur.



Löguninni á stafnum O má lýsa sem samruna af hring og mjög lauslegum ferhyrningi.

Byrjaðu stafinn O að ofan. Gerðu bogadregna línu til vinstri og dálítið niður á við.

Þú beygir og gerir vinstri hliðina með bogadreginni línu niður á við.

Eftir aðra beygju myndarðu botninn með grunnri boglínu til hægri og beygir síðan upp á við aftur.


Hægri hliðin er bogadregin lína upp á við.

Eftir fjórðu beygjuna lýkurðu stafnum.



Að síðasta drættinum undanskildum er stafurinn Q nákvæmlega eins og stafurinn O.

Að stafnum O loknum lyftirðu blýantinum. Þú setur hann niður aftur við stafinn neðanverðan, lítið eitt vinstra megin við miðju. Gerðu drátt til hægri og niður á við, dálítið lengra en stafinn sjálfan.



Stafinn C geturðu gert í einum drætti. Þú byrjar hægra megin og endar næstum beint fyrir neðan staðinn sem þú byrjaðir á.



Byrjaðu stafinn G á því að skrifa stafinn C.

Lyftu svo pennanum og byrjaðu seinni dráttinn nálægt stafnum miðjum. Gerðu fyrst stutt þverstrik, jafnlangt til hægri og endarnir á belgnum. Stuttur leggur niður að neðri boglínunni lýkur stafnum.



Byrjaðu stafinn D á beinum legg frá hástafalínu til grunnlínu. Þar lyftirðu blýantinum.

Byrjaðu seinni dráttinn frá efsta punkti á leggnum. Hann fer fyrst til hægri og síðan niður á við eins og þú værir að skrifa stafinn O í öfuga átt. Þegar komið er niður að grunnlínu lýkurðu honum við legginn.



### Betri aðferð

Byrjaðu stafinn D á beinum legg frá hástafalínu til grunnlínu. Þar lyftirðu ekki blýantinum.

Snúðu til hægri, gerðu stutt þverstrik og lyftu blýantinum.

Byrjaðu seinni dráttinn efst á leggnum. Hann gerirðu fyrst til hægri og síðan niður á við eins og þú værir að skrifa stafinn O í öfuga átt. Þegar komið er niður að grunnlínu lýkurðu honum við stutta þverstrikið.



Á sama hátt má líka skrifa stafinn B. Leggurinn og stutt þverstrik minna á stafinn L. Efri boginn er skrifaður eins og venjulega. Sá neðri nemur staðar við þverstrikið.

Mörgum börnum gengur betur með þessari aðferð. Engin ástæða er þó að halda henni til streitu.

### Betri aðferð

Stafina D og B er auðveldara að skrifa með legg sem endar á stuttu þverstriki. Slóðin notuð í stöfunum L og E.



Stafinn B má eins skrifa á hefðbundinn hátt. Efir beinan legg frá hástafalínu til grunnlínu er blýantinum lyft. Seinni drátturinn byrjar á sama stað og sá fyrri. Hann er skrifaður í boga til hægri, niður að grunnlínu og nemur staðar við staflegginn.

D H Ð


Þverstrikið á stafnum Ð á að vera álíka hátt og á stafnum H. Það er haft á miðjum leggnum eða rétt fyrir ofan hann.

Belgir stafanna Þ, P, R og B eru misstórir. Þannig smáatriði þýðir varla að heimta af byrjendum. Ekki gerir þó neitt til að minnst á þau strax í upphafi.

Þ P R B

Stafurinn Þ byrjar á legg og blýantslyftu eins og stafurinn D. Seinni drátturinn myndar belg sem er rúmlega helmingur af hæð stafsins.

Þ P P



Stafurinn P byrjar á legg og blýantslyftu eins og stafirnir D og Þ. Honum ætti að ljúka rétt fyrir neðan miðjan legg.

R R R R

### Gagnlegir kassar II

Boglinur má króa af með ferhyrningum og skálinum ef á þarf að halda.

Leggurinn á stafnum R er eins og og leggurinn á stafnum P, en belgurinn á stafnum R á að vera minni.

Boginn ætti að lenda á leggnum miðjum, dálítið hærra en á stafnum P. Drátturinn á að staðnæmast við



---

legginn án þess að pennanum sé lyft og verða að skáa niður að grunnlínu.



Stafurinn S er skrifaður eins og lágstafurinn s. Þú byrjar rétt fyrir neðan hástafalínuna, til hægri, og gerir drátt upp á við til vinstri og eftir það niður á við.

Miðjan er stutt og þráðbein en með boglínur á báðum endum.

Neðsta boglínan er grunn. Úr stafnum S er ekki tengt.



Stafurinn U varð til þegar stafurinn V linaðist að neðan.

Byrjaðu vinstra megin. Þegar þú hefur skrifað fyrri legginn hálfu leið niður að grunnlínu verður drátturinn að grannri boglínu. Næst áttu tveggja kosta vól. Þú getur lokið stafnum með drætti upp að hástafalínunni. Eins geturðu byrjað hann þar og látið hann mæta neðri boglínunni.

Hástafir í Ítaliuskript eru einfaldir en kröfuharðir. Þú þarft að setja á þig hverjir eru grannir (til dæmis stafirnir E og S) og hverjir breiðir (stafirnir H og N).



### Sömu drættir, ný form

Á fimmtán öldum gjörbreyttist lögun stafsins D. Tveggja drátta slóðin hélst þó að mestu leyti hin sama.

## Tölur

**T**ÖLUSTAFI fengum við hjá Aröbum sem sóttu þá til Indlands. Þeir rótfestust ekki á Vesturlöndum fyrr en prentverk kom til sögunnar á 15. öld. Lögum sumra þeirra á sér hvorki hliðstæðu í stóru né litlu stöfunum.

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 H

## Hlutföll

Tölur eru jafnháar og hástafir. Í dálkum er reynt að láta grannar standast á við gildar.



Stafurinn O og núll eru bæði skrifuð með sömu hreyfingu: þú byrjar efst og myndar vinstri hliðina fyrst.



Talan 1 byrjar á stuttum upphafsdrætti. Hann þarf að hallast nóg til þess að ekki sé villst á honum og lárétta strikinu á tölunni 7.



Talan 2 byrjar á boglínu. Eftir að þú hefur myndað hálfhring réttirðu úr henni. Hún verður að skáa til

◊ ١ ٢ ٣ ٤

0 1 2 3 4

٥ ٦ ٧ ٨ ٩

5 6 7 8 9

## Heppileg nýjung


Indversk- arabískar tölur eru betur fallnar til reiknings en rómverskar. Uppróðun í dálka á vel við tugakerfið. Núllið var nýtsamleg viðbót.

vinstri niður að grunnlínu. Neðri helmingurinn er nauðalíkur stafnum z.

B 3 3 3 3

Eins og talan 2 hefst talan 3 með boglínu. Hún á að mynda rúman hálfhring og snúa svo við. Úr henni verður annar og stærri hálfhringur. Hlutföll eru svipuð og í stafnum B. Tölunni máttu ekki loka að ráði vinstra megin. Þá er hægt að mislesa hana sem töluna 8.


4 4 4 4



Talan 4 byrjar á staflegg. Að honum loknum lyftirðu pennanum. Seinni drátturinn, skái niður á við til vinstri, byrjar á sama stað og sá fyrri. Honum lýkur þegar komið er tvo þriðju af hæð tölustafsins niður að grunnlínu. Þar myndarðu horn og gerir þverstrik til hægri. Það fer ríflega yfir legginn.

#### Til viðbótar

Góð hlutföll fást í tölunni 4 með því að hafa plúsmerki í huga.




Stafurinn O er breiðari en núll. Þeir sem vilja auðkenna núll svo ekki verður um villst geta gert það með depli í miðjunni eða skástriki sem ekki er breiðari en talan sjálf.



Talan 5 byrjar á stuttum staflegg. Hann nemur staðar fyrir ofan miðju. Þar myndarðu horn og beygir til hægri. Næst er gerður rúmur hálfhringur eins og í tölunni 3. Að lokum lyftirðu pennanum og bætir við þverstriki að ofan.

Töluna má ekki að skrifa með neinni annarri slóð. Lokastrikið kemur í veg fyrir misskilning. Annars er hægt að ruglast á henni og stafnum S, tölunni 3 og hræðilega illa skrifaðri tölunni 8.



#### Til viðbótar

Töluna 8 er auðveldara að skrifa með stafinn S í huga.



Núllið og talan 6 eru svipuð. Vinstri helmingurinn er gerður fyrst. Eftir beygjuna að neðan skrifarðu hægri hliðina upp á við og til vinstri. Í tölunni 6 réttirðu úr boglínunni, svo að henni lýkur við vinstri legginn miðjan.



Talan 7 er einföld. Hún byrjar á láréttu striki til hægri. Það nemur staðar, myndar horn og síðan skáa til vinstri niður að grunnlínu. Talan er svipuð stafnum Z án neðsta striksins.

Þverstrikið á tölunni 7 þarf að vera lárétt. Og skáinn verður að hallast nóg til þess að hún verði ekki mislesin sem talan 1.




Talan 8 hefst eins og stafurinn S: bogi til vinstri, skái niður og til hægri og síðan annar bogi til vinstri. Svo heldurðu áfram til sama staðar og þú byrjaðir með boglínu, skáa upp til hægri og að lokum boglínu til vinstri. Neðri hlutinn á að vera dálítið stærri en sá efri.

Þessa tölu má ekki skrifa með öðru móti. Einn hringur ofan á öðrum kann að vera auðveldari. Og sumum þykir skemmtilegt að skrifa hana með því að loka tölunni 3 vinstra megin. En þegar hratt er skrifað valda frávikin misskilningi.



Talan 9 er ekki talan 6 á haus. Þú byrjar efst á litlum hring. Vinstri hliðin er skrifuð fyrst, eins og á núllinu. Þegar komið er upp aftur snýrðu við og gerir boga niður að grunnlínu.



### Mislöng

Til vinsti er bandstrik, stutt og skiptir orðum. Í miðjunni er hálf þankastrik. Það er haft milli talna, til dæmis „2-5. grein“. Hægra megin er þankastrik sem afmarkar innskot í texta.

Enskar gæsalappir (66 99)

Íslenskar gæsalappir (99 66)

Tilvitnunarkerki eru svipuð í laginu og tölurnar 6 og 9. Sumir muna betur hvernig þær eiga snúa í íslensku með því að kalla uppsetninguna 99 66. Í íslenskri notkun er fyrra parið á grunnlínunni, það seinni á lofti.

## Smælki

**L**ATNESKA stafrófið er meira en 25 alda gamalt. Það er umvafið reglum og venjum sem oft stangast á. Hér dæmi um það.

Frönsk tilvitnunarkerki, *guillemets*, snúa hornunum út: « ». Þeirri hefð fylgja Norðmenn. Útlitsins vegna kölluðu Þjóðverjar þau gæsalappir en sneru hornunum inn á við: » «. Danir gera það líka enda fengu þeir mikið af prent hefð sinni frá þeim. Íslendingar nota tilvitnunarkerki að núverandi þýskum sið, svona: „ “.

## Uppnefni

Sum leturorð hafa skolast til. Broddar eru of oft kallaðir kommur og talað er um kommu, punkt og tvípunkt yfir staf. Það er ekki gott.

Broddur, depill og tvídepill eru hljóðtákn. Komma, punktur og tvípunktur eru greinarkerki.

Ruglingur á orðunum broddur og komma getur valdið misskilningi.

Komma=rangt Broddur=rétt

Sumir sem ekki vita betur nota kommu í staðinn fyrir brodda. Þær spilla skiltum og bókarkápum, auglýsingum og legsteinum.

# á é í ó ú ý Á É Í Ó Ú Ý

Best er að hafa brodda nokkurn veginn yfir miðjum stöfum. Hallinn á þeim ræðst af eðlilegri sveifluhreyfingu hægri handar.



Ef broddar eru of neðarlega geta stafirnir orðið lágkúrulegir. Það sýnir dæmið hægra megin. Ekkert er því til fyrirstöðu að broddur sé hærri en yfirleggir.



Sama gildir um tvídepla og brodda. Þeir eiga að vera nokkurn veginn yfir miðjum staf og í hæfilegri hæð. Tvídepillinn yfir stafnum O lengst til hægri er of neðarlega og allt of gleiður þar að auki.

## 7 · Hvað dugir við skrifkrampa?

Markmið þessa kafla er að útskýra meginorsök skrifkrampa og benda á úrlausnir. Eftir að hafa lesið hann áttu að geta afstýrt honum hjá nemendum og hjálpað flestum börnum sem af honum þjást.



### Kvalræði

**S**KRIFKRAMPI er ekki aðeins til óþæginda. Hann er alvarlegt vandamál. Hann er til vandræða í prófum, atvinnu og lífinu sjálfu. Vandalítið er að komast hjá honum en því er sjaldan sinnt eins og skyldi.



### Reyndu górigripnið

Kreptu hnefann fast svolitla stund. Eftir eina eða tvær mínútur fer vöðvaspenna að teygja sig upp allan handlegginn. Eftir það getur hún gripið öxlina og jafnvel sótt niður á bak. (Slakaðu á áður en það er um seinan.) Eftir þetta skilurðu betur hvernig sumum börnum líður hvert sinn sem þau halda á skriffæri.




---

Oftast stafar skrifkrampi af einbeitingu á glapstigum. Börn halda fastar um blýantinn til þess að skrifa betur. Það er til lítills gagns. Tangarhaldið veldur spennu í öðrum vöðvum. Fljótlega fer þau að verkja í höndina. Flest kannast við það af eigin reynslu. Sum veigra sér við að skrifa.


#### Hvað er til ráða?

Fyrst þarf að róa barn sem fær skrifkrampa og hughreysta það. Fylgstu með því. Gakktu úr skugga um að það haldi rétt á blýantinum; meira um það í kaflanum um pennagrip.



Notaðu krotæfingar. Hraðar hreyfingar slaka á. Láréttir og lóðréttir krákustígar eru nytsamlegir.


Þegar ekki tekst að slaka á með öðrum ráðum getur óhóflegt krot höggvið á hnútinn.



Hringiður til hægri og vinstri gefast líka vel. Allt getur þetta tekið dálitla stund en þeim tíma er vel varið.

Láttu barnið hrista hendurnar. Sumir nota þá aðferð að láta barnið standa upp, leggja lófana flata á borðið og fetta fingurna með því að halla sér fram á þá.

Oft duga stutt orðaskipti til þess að beina athygli barns í rétta átt. („Hvernig gengur hjá þér núna?“)




Ef krotið eitt dugir ekki má nota millifingragrip. Blýanturinn er hafður milli víisifingurs og löngutangar. Oftast hverfur verkurinn.

Þetta hefur gefist vel. Flestir taka upp framhaldsgrip seinna. Sumir kjósa að hafa blýantinn milli víisifingurs og löngutangar til frambúðar. Það er allt í lagi.

### **Ef annað bregst**


Til þrautavara má fara límbandsleiðina. Þá er blýantur festur ofan á víisifingurinn. (Málaralímband er meðfærilegra en límband úr plasti.)

Vitanlega dugir ekki til lengdar að líma penna á börn. En á þann hátt er hægt að höggva á hnút



spennu og vanmáttarkenndar og sýna þeim leið út úr sjálfheldunni.

Þegar þetta ráð er notað þarf að gera það að leik, ekki refsingu. Börn með streituvanda á svo háu stigi þurfa ef til vill á læknishjálp að halda. Til þess að forðast stríðni og einelti er ekki úr vegi að líma penna á alla nemendur í bekknum.



Skýringarmynd úr *Practical Penmanship* eftir Benjamin Franklin Foster (Albany, New York 1832) sýnir fingrahaft sem bar árangur.

POSITION OF THE HAND & PEN.

## 8 · Næstu áfangastaðir

Komdu í heimsókn á vefinn

**V**IÐBÓTAREFNI og kennslugögn má sækja á vef  
Námsháskólans <vefir.nams.is/italiuskrift>  
og lénið <Italiuskrift.com>.

mmmmsti → unmusti

**Viðgerðir**

Við förum yfir algeng vandamál og lausnir á þeim.


Tengingar



Tengingar



Tengingar



**Gengur alls staðar**

Tengingum er bætt við með  
opnum hugbúnaði fyrir  
Windows, Macintosh og Linux.

Rúmar tvær sekúndur tekur að  
tengja Njáls sögu frá upphafi til  
enda, um 100.000 orð.

**Gerðu eigið kennsluefni**

Leggðu það sem þér þykir skemmtilegast inn í  
verkefnabanka. Ítaliuskrift er á vefnum sem ókeypis  
prentletur.



### Einkunnagjöf

Prófverkefni og tillögur um mælikvarða

# Skript Skript

### Leyndardómar breiðpennans

Svona verður rithönd að skrautskrift

*Ótengdir stafir eru hreinlegir í útliti. Hvers vegna getum við ekki kennt þá þannig?*


*Er ekki best að hafa hástafina jafnháa og yfirleggina?*

### Margspurt og þráspurt

Algengum fyrirspurnum svarað.

### Orðalisti

Munurinn á sviga og oddsviga, hornklofa, olnbogsviga og slaufusviga útlistaður



## Heimsins besta skrift?

**Í**TALIUSKRIFT er auðvelt að læra og auðvelt að kenna. Hún er læsileg og þolir flýti hversdagslífsins.

Hér er hún kennd sem hreyfing. Byrjað er á kroti og stafaеinkennum bætt við til þess að mynda leturform.

Enginn þarf að heltast aftur úr. Nóg er til af ítaræfingum fyrir börn sem þurfa á þeim að halda.

Ítaliuskraft er þáulreynd undirstaða persónulegrar rithandar.

Einu sinni var kennd og hreyfing  
Nú er hún smorabúð stekkur, og kroti smm og kroti smm  
Enginn þarf að heltast aftur úr, börnum og kroti smm að leik  
Einn sinni var kennd og hreyfing  
Nú er hún smorabúð stekkur, og kroti smm og kroti smm  
Enginn þarf að heltast aftur úr, börnum og kroti smm að leik

